



# Alþýðusöngvar, ódagsett

---

Bjarni Benediktsson – Alþýðusöngvar, ódagsett

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Fjölskyldan

Askja 3-4, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ALÞÝÐUSÖNGVAR

## 1.

Ó Guð vors lands; Ó lands vors Guð,  
vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn.  
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér kranz  
þínir herskarar tímanna safn.  
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár  
og þúsund ár dagur, ei meir,  
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,  
sem tilbiður Guð sinn og deyr.  
Íslands þúsund ár, Íslands þúsund ár,  
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,  
sem tilbiður Guð sinn og deyr.

## 2.

Ó, fögur er vor fósturjörð  
um friða sumardaga,  
er laufin grænu litka börð  
og leikur hjörð í haga,  
en dalur lyftir blárri brún  
mót bliðum sólarloga  
og glitrar flötur glóir tún  
og gyllir sunna voga.

Og vegleg jörð vor áa er  
með ísi þakta tinda,  
um heiðrík kvöld að höfði sér  
nær hnýtir gullna linda  
og logagneistum stjörnur strá  
um strindi hulið svellum,  
en hoppa álfar hjarni á  
svo heyrast duna í fellum.

Þú fósturjörðin frið og kær,  
sem feðra hlúir beinum  
og lífið ungu frjóvi fær  
hjá fornum bautasteinum,  
ó, blessuð vertu fagra fold  
og fjöldinn þinna barna,  
á meðan gróa grös í mold  
og glóir nokkur stjarna.

## 3.

Heyrið morgunsöng á sænum  
sjáið bruna fley  
undan hægum byrjar-blænum  
burt frá strönd og ey,  
sólin skreytir skipa raðir,  
skín hver þanin voð,  
söngljóð kveða sjómenn glaðir  
snjallt á hverri gnoð.

## 4.

Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur  
er gleðin skín á vonarhýrri brá?  
Eins og á vori laufi skryðist lundur  
lifnar og glæðist hugarkætin þá,  
og meðan þrúgna gullu tárin glóa  
og guðaveigar lífga sálaryl,  
þá er það víst, að beztu blómin gróa  
í brjóstum sem að geta fundið til.

Það er svo tæpt að trúa heimsins glaumi,  
— því tára döggar falla stundum skjótt  
og vinir berast burt með tímans straumi  
og blómin fölna á einni hélunótt.  
Því er oss bezt að forðast raup og reiði  
og rjúfa hvergi tryggð né vinarkoss,  
en ef vér sjáum sólskinsblett í heiði,  
að setjast allir þar og gleðja oss.

## 5.

Fósturlandsins Freyja,  
fagra Vanadis,  
móðir, kona, meyja,  
meðtak lof og pris!  
Blessað sé þitt bliða  
bros og gullið tár.  
Þú ert lands og lýða  
ljós í þúsund ár.

Þegar mannast maður,  
miklast, snót, þín stétt,  
harðra herra smjaður  
helgan snýst í rétt.  
Fríkkar þá á Fróni,  
faðmast ást og dís,  
leikur sér með ljóni  
lamb í Paradís.

## 6.

Táp og fjör og friskir menn  
finnast hér á landi enn,  
þéttir á velli og þéttir í lund,  
þrautgóðir á raunastund.  
Djúp og blá bliðum hjá  
brosa drósum hvarmaljós,  
Norðurstranda stuðlaberg  
stendur enn á gömlum merg.

Aldnar róma raddir þar,  
reika svipir fornaldar  
hljótt um láð og svalan sæ,  
*sefur heitja á hverjum bæ.*  
Því er úr, doðadúr,  
drengir mál að hrífa sál,  
feðra' vorra og feta' í spor  
fyrir en lífs er gengið vor.

## 7.

Til austurheims vil ég halda  
þar hjartkærust ástin mín býr.  
Bak við fjöll og djúpa dali  
hún dvelur und laufgrænum meið.

## 8.

Þú sæla heimsins svala lind,  
ó, silfurskæra tár!  
er allri svalar ýtakind  
og ótal læknar sár.

Æ, hverf þú ei af auga mér,  
þú ástarbliða tár,  
er sorgir heims í burtu ber,  
þó blæði hjartans sár.

Mér himneskt ljós í hjarta skín  
í hvert sinn, er ég græt,  
því drottinn telur tárin mín,  
— ég trúí' og huggast læt.

## 9.

Ólafur reið með björgum fram, —  
villir hann, stillir hann  
hitti hann fyrir sér álfarann,  
þar rauður loginn brann,  
blíðan lagði byrinn undan  
björgunum fram.

## 10.

Stóð ég úti' í tunglsljósi, stóð ég út við skóg  
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg,  
blésu þeir í sönglúðra' þar þá að mér skjótt  
og bjöllurnar gullu á heiðskirri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund,  
hornin jóa gullroðnu blika við lund  
eins og þegar áltfir á ísa grárri spöng  
fljúga suður heiði með fjaðrapyt og söng.

Heilsaði' hún mér drottingin og hló að mér um leið,  
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.  
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?  
eða var það feigðin, sem kallar að mér?

## 11.

Sjáið hvar sólin nú hnígur,  
svifur að kvöldhúmið rótt,  
brosir hún blítt er hún sígur,  
blundar senn foldarheims drótt.  
Heyrið þér klukku, hún klingir við lágt!  
kallar í húsin til aftansöngs brátt.  
Klukka! Ó, fær oss nú fró,  
friðinn og heilaga ró.

## 12.

Ég man þá tíð í minni' hún æ mér er  
þá ársól lífsins brann mér heit á vanga  
og vorblóm vakti í brjósti mér,  
sem velkja náði ei hretið enn hið stranga.

Í sakleysinu sæll ég lifði þá  
*líkt svásri morgungælu í dalnum lágum,*  
og hrein var gleðin, ljós sem himins há,  
og harmar léttir eins og döggi á stráum.

## 13.

Vængjum vildi ég berast  
í vinda léttum blæ,  
djarft um fjöll og dali  
og djúpan reginsæ.  
Vængjum líða í lofti,  
við ljósblátt sólarhvel,  
vængjum sælum svífa,  
með sigri yfir líf og hel.

Vængi, vængi gef mér  
sem von og æskudraum,  
fagra, sterka og frjálsa  
að flýja úr sollnum glaum,  
vængi, að fáí ég flogið  
og fundið sæluvist  
það allt, sem ég þrái,  
og þá, sem hef ég mist.

## 14.

Þú bláfjallageimur með heiðjökla hring,  
um hásumar flý ég þér að hjarta.  
Ó, tak mig í faðm þér, minn söknuð burt ég syng  
um sumarkvöld við áltavatnið bjarta.

Hér andar Guðs blær og hér verð ég svo frjáls,  
í hæðir ég berst til ljóssins strauma  
æ lengra, æ lengra að lindum himinbáls,  
unz leiðist ég í sólu fegri drauma.

## 15.

Frjálst er í fjallasal  
fagurt í skógardal,  
heilmæmt er heiðloftið tæra,  
hátt yfir hamrakór  
himininn blár og stór  
lyftist með ljóshvolfið skæra.

Er sem oss ómi mót  
Íslands frá hjartarót  
bergmálsins blíðróma strengir.  
Söngbylgjan hlíð úr hlíð  
hljómandi, sigurblið  
les sig og endalaust lengir.

## 16.

Nú er veðrið svo gott, nú er loftið svo létt,  
nú mig langar að ganga um skóglendið slétt.  
Það er gaman að koma út í skrúðbúinn skóg,  
þar er skínandi fegurð og indæli nóg.  
Nú er veðrið svo gott, nú er loftið svo létt,  
nú mig langar að ganga um skóglendið slétt.

Það er gaman að koma út í skrúðbúinn skóg,  
þar er skínandi fegurð og indæli nóg.  
Það er heima svo þröngt, þar er loftið svo lágt.  
Hér er ljómandi herbergi, rúmgott og hátt.  
Það er gaman að koma út í skrúðbúinn skóg,  
þar er skínandi fegurð og indæli nóg.

## 17.

Svífðu nú sæta söngsins englamál,  
angrið að hætta yfir mína sál.  
Tónaregn þitt taramjúkt,  
titri niður á hjartað sjúkt,  
eins og dala daggir svala  
þyrstri rós í þurk.

Indæl sem kliður ástafugls við lind  
rammefld sem niður reginhafs í vind,  
óma, sönglist! unaðsrík.  
Önd mín hrifin, svani lík,  
blítt í draumi berst með straumi  
út á hljóms þín haf.

## 18.

Nú blikar við sólarlag sædjúpin köld,  
ó, svona ætti að vera hvert einasta kvöld,  
með hreinan og ljúfan og heilmæman blæ  
og himininn bláan og speglandi sæ.

Ó, ástbliða stund, þú ert unaðssæl mér,  
því allt er svo ljómandi fagurt hjá þér  
og hafið 'ið kalda svo hlýlegt og frítt  
og hrjóstruga landið mitt vinlegt og blítt.

## 19.

Geng ég fram á gnipur og geigvæna brún,  
djúpan lít ég dalinn og dáfögur tún.

Kveður lítil lóa, en leiti gyllir sól,  
í hlíðum smalar húa, en hjarðir renna á ból.

Bær í björtum hvammi mér brosir á mót,  
manstu vin þinn mæra munnbliða snót?